



Nú eru 5 mánuðir liðnir frá því kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði voru undirritaðir. Í mínum huga var krafa SGS sanngjörn, eðlileg og réttlát en hún gekk út á að laun verkafólks yrðu hækkuð með þeim hætti að þau dygðu fyrir þeim lágmarks framfærsluviðmiðum sem hið opinbera hefur gefið út og að fólk gæti haldið mannlegri reisu. Hvernig tókst okkur til? Jú, heilt yfir held ég að við höfum stigið nokkuð jákvætt skref í átt til þess að laun okkar félagsmanna séu með þeim hætti að fólk geti haldið mannlegri reisu.

Ég skal þó fúslega viðurkenna að við eigum töluvert í land ennþá með að launataxtar okkar félagsmanna dugi fyrir þeim framfærsluviðmiðum sem hið opinbera hefur gefið út. Vissulega voru hlutir í síðustu kjarasamningsgerð sem við getum ekki verið stolt af en það er skerðing á launatöxtum unglunga. Þetta er eitthvað sem við sem hreyfing þurfum klárlega að lagfæra við fyrsta tækifæri og passa að gerist aldrei aftur. Við skulum samt ekki gera lítið úr síðustu kjarasamningum og það nema síður sé þó ekki hafi allt farið eins og við hefðum viljað. Gleymum því aldrei að við unnum áróðursstríðið frá A til Ö. Okkur tókst til að mynda að fá alla íslensku þjóðina með okkur í lið, enda var krafa SGS sanngjörn og réttlát. Vissulega náðum við ekki markmiðum okkar að fullu í síðustu kjarasamningum en það voru stigin jákvæð skref í átt að réttlæti fyrir íslenskt verkafólk og síðast en ekki síst vita flestir í dag fyrir hvað Starfsgreinasamband Íslands stendur.

Kæru félagar

gleymum því ekki að í síðustu kjarasamningum voru allir þotuhreyflar hræðsluáróðursins ræstir af fullu afli. Hvað sögðu ekki forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins fyrir síðustu samninga, jú þeir stóðu á öllum torgum og öskruðu hátt og skýrt að ef gengið yrði að kröfum SGS þá myndi skella á efnahagslegur stormur hér á landi. Hræðsluáróðursdeild SA sagði að verðbólgan yrði 27%, verðtryggðar skuldir heimilanna myndu hækka um 500 milljarða, stýrivextir yrðu yfir 10% og atvinnuleysi myndi stóraukast.

Takið eftir, þessi hamfaraspá Samtaka atvinnulífsins var miklu verri en þegar allt bankahrúnið varð árið 2008 en þá fór verðbólgan uppí 18% og verðtryggðar



skuldir heimilanna hækkuðu um 400 milljarða. Já, kröfur okkar um 300.000 króna lágmarkslaun innan tveggja ára áttu að hafa mun verri afleiðingar en þegar Geir Haarde bað Guð um að blessa Ísland í kjölfar efnahagshrunsins mikla.

En hvað hefur gerst á þessum 5 mánuðum frá því við gengum frá kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði? Hefur verðbólgan rokið upp eins og spunameistarar Samtaka atvinnulífsins héldu fram? Svarið við því er einfalt, NEI, 12 mánaða verðbólga mælist nú 1,9% og í síðasta mánuði varð verðhjöðnun sem nam 0,4%. Að sjálfsögðu eru það miklu fleiri þættir heldur en kjarasamningar sem hafa áhrif á verðbólguna. Það er til dæmis staða gjaldmiðilsins, fjölgun ferðamanna og lækkun heimsmarkaðsverðs á olíu en allir þessir þættir hafa m.a. gert það að verkum að verðbólgan hér á landi er vel innan þolanlegra marka. En það liggur fyrir að kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði hafa alls ekki hleypt verðbólgunni hér af stað eins og hinir ýmsu hræðsluáróðursmeistarar í íslensku samfélagi ýjuðu að fyrir síðustu kjarasamninga.

Að sjálfsögðu urðu dómsdagsspámennirnir ekkert hrifnir þegar framkvæmdastjóri IKEA steig fram í sumar og hvatti verslunareigendur til þess að hækka ekki hjá sér vöruverð og sagði hann að engar forsendur væru fyrir slíku. Nefndi hann sérstaklega styrkingu krónunnar og síðast en ekki síst þá gríðarlegu fjölgun erlendra ferðamanna sem hefði jákvæð áhrif á efnahag þjóðarinnar í heild sinni.

Það er því með ólíkindum að hlusta á Samtök atvinnulífsins og reyndar fleiri halda áfram með hræðsluáróðurinn og nú eru þessir ágætu snillingar þessa dagana að halda því fram að handan við hornið sé 10% verðbólga eða jafnvel hærri. Menn verða að fyrirgefa mér en mér finnst eins og þessir menn séu að vonast eftir því að verðbólgan fari hér af stað. En höfum það hugfast að verðbólgan er ekkert náttúrulögmál, verðlagshækkanir sem valda m.a. verðbólgu eru mannanna verk. Sumt getum við haft áhrif á, annað ekki en grundvallaratriðið er að verðlagshækkanir eru mannanna verk en ekki náttúrulögmál.

Kæru félagar,



SALEK hópurinn hefur verið mikið til umræðu að undanfögnu, hópur sem hefur verið að vinna að því að koma hér á nýju íslensku vinnumarkaðslíkani í anda þess sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Ég vil segja strax að ég hræðist það sem þarna hefur verið í gangi, hef reyndar spurt mig í hvaða umboði eru þeir aðilar sem eru að véla með þessa þætti? En fréttir af þessari vinnu hafa verið að berast í gegnum fjölmiðla, fréttir eins og að hækkun iðgjalda í lífeyrissjóð eigi að koma í stað launahækkana, hugsanlega breytingu á vinnulöggjöfni og að einhver ákveðinn tiltekinn hópur ákveði hvert svigrúm til launahækkana á íslenskum vinnumarkaði sé hverju sinni. Það er morgunljóst í mínum huga að það er æði margt sem þarna þarf að varast enda tel ég þessa vinnu miðast að því að koma hér á samræmdri launastefnu með öllum tiltækum ráðum. Hugið ykkur ef kjör starfsmanna í stóriðjunum á Grundartanga og reyndar víðar hefðu tekið mið af samræmdu launastefnunni sem um var samið í kjarasamningunum 2011 og 2013, þá væru laun starfsmanna í þessum verksmiðjum einni milljón lakari en þau eru í dag á ársgrundvelli. Einni milljón á hvern starfsmann!

Ég mun aldrei samþykka það að samningsumboð og samningsfrelsi stéttarfélaganna verði skert eða rýrt eða fært yfir til fámenns hóps. Ef það verður gert þá tel ég að tilvist og hlutverki stéttarfélaganna sé stefnt í alvarlega hættu. Ég bið okkur öll um að fylgjast vel með því sem er að gerast í þessum hópi því við megum ekki undir nokkrum kringumstæðum skerða samningsfrelsi stéttarfélaganna frá því sem það er nú. Það er ekkert að ástæðulausu að hvergi í heiminum er meiri stéttarfélagsaðild en á Íslandi. Ein af þeim ástæðum er það fyrirkomulag sem við höfum núna á íslenskum vinnumarkaði, förum ekki að stefna því í óþarfa hættu. Kannski eru þetta óþarfa áhyggjur af minni hálfu í ljósi þess að tilkynnt hefur verið að slitnað hafi upp úr vinnu þessa hóps. Ég hinsvegar tel fulla ástæðu til að vera vel á tánum og fylgjast með umræðunni því ég hræðist það að þessari vinnu sé ekki lokið þrátt fyrir að tímabundið hafi slitnað upp úr henni.

Kæru félagar,

Það eru æði mörg krefjandi verkefni sem íslensk verkafélagsshreyfing stendur frammi fyrir. Eitt af þeim verkefnum lýtur að því að horfið verði alfarið frá prósentuhækkunum við gerð launahækkana því það eru prósentuhækkanir sem



knýja tannhjól misskiptingar og óréttlætis áfram. Hvernig má það til dæmis vera að einstaklingur sem hækkar um 30.000 krónur á mánuði eigi að hafa hækkað um það sama og einstaklingur sem hækkar um 150.000 krónur á mánuði á sama tímabili? Jú, báðir áttu að hafa fengið sömu launahækkun því báðir fengu 10% launahækkun. Munurinn liggur í því að sá sem fékk 30.000 króna hækkunina var með 300.000 króna laun en sá sem fékk 150.000 hækkunina var með 1,5 milljón í mánaðarlaun. Hvernig getur einstaklingur sem fær 120.000 krónum hærri launahækkun hafa fengið sömu hækkun og einstaklingur sem fékk 30.000.

Já, prósentur eru aflgjafi sem knýr áfram óréttlætið og misskiptinguna í íslensku samfélagi því ekkert okkar fer út í Bónus, Hagkaup eða aðrar verslanir og verslar með prósentum. Við verslum öll með krónum. Starfsgreinasambandið á að halda áfram að berjast af alefli fyrir því að samið verði um krónutölur en ekki prósentur. Okkur hefur tekist það að hluta til, ekki að öllu leyti, en höldum áfram að berjast gegn þeirri misskiptingu sem fólgin er í prósentuhækkunum

Kæru félagar,

síðan er það stóra málið. Mál sem að íslensk verkalýðshreyfing á að vera löngu búin að láta til sín taka í af fullum þunga en það lýtur að vöxtum, verðtryggingu og húsnæðismálum okkar félagsmanna. Hvernig má það vera að okkar félagsmönnum séu boðnir hér þvílíkir okurvextir sem nánast ekkert heimili getur staðið undir? Að við séum hér með húsnæðisvexti sem nema í mörgum tilfellum 5-6% og það verðtryggðum er með hreinustu ólíkindum. Við eigum að berjast af fullum þunga fyrir því að vextir verði lækkaðir því til mikils er að vinna hvað það varðar og nægir að nefna í því samhengi að 1% vaxtalækkun á 25 milljóna króna húsnæðisláni léttir greiðslubyrðina um sem nemur 250.000 kr. á ársgrundvelli eða sem nemur 21.000 kr. á mánuði. Hvernig má það vera að bankakerfið sem hefur skilað yfir 400 milljörðum í hagnað frá hruni skuli komast upp með, í skjóli fákeppni, að viðhalda slíkum okurvöxtum? Krafan er skýr, lækkið vexti, afnemið verðtryggingu og komið á heilbrigðum og eðlilegum lánamarkaði til handa íslenskum neytendum.

Kæru félagar,



Það eru fleiri mál sem verkalyðshreyfingin þarf að vera á tánum með á komandi mánuðum en í mínum huga þurfum við að verjast með kjafti og klóm svo það gerist ekki það sama og á árunum 2005, 2006 og 2007 þegar kjarasamningsbrot og félagsleg undirboð á erlendu vinnuafli tröllriðu íslenskum vinnumarkaði. Það er æði margt sem bendir til þess að slíkt geti farið að endurtaka sig á nýjan leik. Við þurfum að læra af því sem þá gerðist og vera í stakk búin til að mæta öllum félagslegum undirboðum af fullum þunga. Því félagsleg undirboð á erlendu vinnuafli grafa undan kjörum allra á íslenskum vinnumarkaði. Þetta tel ég vera eitt af stóru viðfangsefnum á komandi mánuðum.

Ágætu þingfulltrúar.

Ég held að Starfsgreinasamband Íslands hafi sýnt í verki í síðustu kjarasamningum hversu kröftug við getum verið þegar við viljum standa saman. Við náðum þrátt fyrir allt ásættanlegum kjarasamningi þótt við viljum öll gera ætíð betur. Við þurfum að halda áfram á þessari braut. Braut sem lýtur að því að ná hér launatöxtum og lágmarkslaunum á Íslandi enn frekar upp þannig að þau dugi fyrir lágmarks framfærsluviðmiðum sem hið opinbera hefur gefið út. Launakjörin þurfa líka að vera með þeim hætti að allir okkar félagsmenn geti með góðu móti framfleytt sér og sínum og haldið mannlegri reisu.

Takk fyrir.